

Fimmtudaginn 2. júní 1994.

Nr. 63/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Guðmundi Gunnari Hólmarssyni

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Þjófnaður. Umferðarlög. Ölvunarakstur. Akstur án ökuréttinda. Reynslulausn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði tveimur dómum Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 9. og 21. desember 1993 með áfrýjunarstefnum 26. janúar 1994. Báðum dómunum er áfrýjað einvörðungu til refsí-
ákvörðunar. Þá er krafist staðfestingar á sviptingu ökuréttar.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að honum verði dæmd vægasta refsing, sem lög leyfa.

Málin hafa verið sameinuð fyrir Hæstarétti.

Með dómi 9. desember 1994 var ákærði dæmdur í 10 mánaða fangelsi, en inn í þá refsingu voru felldar 220 daga eftirstöðvar fangelsisrefsingar, sem hann hafði fengið reynslulausn á, en rofið. Reynslulausn þessi hafði þegar verið tekin upp með dómi Héraðsdóms Suðurlands 16. september sama ár. Var dómara síðara málsins ókunnugt um þann dóm. Hafa fyrrgreindar eftirstöðvar því tvívegis verið dæmdar með annarri refsingu ákærða. Ber því nú við ákvörðun refsingar hans að leiðrétta þessi mistök.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1988 hlotið tólf refsidóma og gengist tvívegis undir dómsátt. Hann hefur verið sakfelldur níu sinnum fyrir hegningarlagabrot, fimm sinnum fyrir ölvun við akstur, sjö sinnum fyrir réttindaleysi við akstur og einu sinni vegna fíkniefnabrots. Honum hefur samtals verið dæmd 3 ára og 9 mánaða fangelsisrefsing. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 8. febrúar 1994 var hann að auki dæmdur í 3 mánaða fangelsi fyrir að aka sviptur ökurétti. Með hliðsjón af sakaferli ákærða og

vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing hans hæfilega ákveðin 7 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms 21. desember 1993 um sviptingu ökuréttar ákærða ævilangt frá uppsögu þess dóms.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað skulu vera öröskuð.

Allur áfrýjunarkostnaður máls þessa greiðist úr ríkissjóði, eins og nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Gunnar Hólmarsson, sæti fangelsi 7 mánuði.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms 21. desember 1993 um sviptingu ökuréttar ákærða ævilangt frá uppsögu þess dóms.

Ákvæði hinna áfrýjuðu dóma um sakarkostnað eiga að vera öröskuð.

Áfrýjunarkostnaður máls þessa greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sigmundur Hannessonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 16. september 1993.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. f.m., er höfðað hér fyrir dómnum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. apríl sl., á hendur Guðmundi Gunnari Hólmarssyni, Bárugötu 22, og Hauki Guðjónssyni, Grettisgötu 92, báðum til heimilis í Reykjavík. Málið sætti aðalmeðferð og munnlegum málflutningi, sbr. 3. mgr. 129. gr. laga nr. 19/1991.

Dómkröfur ákæranda eru þær, að báðir ákærðu verði sakfelldir fyrir þá háttsemi, sem þeim er gefin að sök í ákæru, þ.e. „Fyrir brot framin aðfaranótt þriðjudagsins 9. febrúar 1993:

1.

„Ákærða Guðmundi Gunnari er gefið að sök að hafa ekið bifreiðinni R-35719 án ökuréttinda frá Reykjavík til Þorlákshafnar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ákærðu er báðum gefið að sök að hafa brotist inn í bifreiðina AG-111 við Unubakka 48 í Þorlákshöfn og stolið úr henni talstöð.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.“

Þá er þess krafist, að þeir verði báðir dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð að mati dómsins. Loks er þess krafist að ákærðu verði dæmdir til að greiða „in solidum“ Helga Jónssyni, kt. 141167-2949, skaðabætur, að fjárhæð kr. 5.000, með dráttarvöxtum frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags skv. vaxtalögum nr. 25 frá 1987.

II.

Málsatvik og niðurstaða.

Fyrri ákæruliður.

Aðfaranótt þriðjudagsins 9. febrúar 1993 ók ákærði Guðmundur Gunnar bifreiðinni R-35719 frá Reykjavík til Þorlákshafnar án ökuréttinda, en slík réttindi hefur ákærði aldrei öðlast.

Ákærði hefur aðráttarlaust játað brot sitt og þar sem játning hans samræmist fram lögðum sakargögnum, telst að fullu sannað, að hann hafi fram-
ið það brot, sem í þessum ákærulið greinir, en þar er háttsemi ákærða rétt lýst og réttilega heimfærð undir 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Síðari ákæruliður.

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram, að kl. 01.58 hafi lögreglunni í Árnes-sýslu borist tilkynning um grunsamlegar ferðir bifreiðarinnar R-35719 í Þorlákshöfn. Í lögregluskýrslunni kemur ekki fram hver tilkynnti um ferðir bifreiðarinnar og sá aðili hefur ekki gefið skýrslu fyrir dóminum. Þrír lög-
reglumenn fóru þegar í stað til Þorlákshafnar og fundu bifreiðina við íþróttahúsið í Þorlákshöfn. Í skýrslunni kemur enn fremur fram, að bifreiðin hafi verið í gangi og undir stýri hafi ákærði setið hálfsofandi. Þótt frumskýrslan greini ekki frá farþegum í bifreiðinni, hefur komið fram, að ákærði Haukur var þar einnig sofandi. Ákærðu voru báðir handteknir.

Að kvöldi þessa sama dags tilkynnti vitnið Helgi Jónsson að úr bifreið hans hefði horfið 40 rása talstöð með CB tíðnisviði, en bifreið hans hefði staðið við bílaverksmiðjuna Bíliðjuna í Þorlákshöfn. Upplýst er, að vitnið gaf skýrslu hjá lögreglu á Selfossi daginn eftir (dskj. V.7.2) og segir svo í upphafi skýrslunnar: „Helgi er mættur til að taka við CB talstöð Realistic Trc 415 framleiðslunr. 0180127 . . . Áminntur um sannsögli skýrir hann frá því að þetta sé talstöðin sem tekin var úr bifreið hans AG 111 aðfaranótt síðastliðins þriðjudags.“ Fyrir dóminum breytti vitnið framburði sínum og

kvað nú föður sinn eiga talstöðina en vitnið kvaðst hafa haft hana til umráða. Þessi óstöðugleiki í framburði vitnisins rýrir sönnunargildi framburðarins. Þorgrímur Óli Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður, sem annaðist skýrslugerð í málinu, staðfesti að hafa farið til Þorlákshafnar daginn eftir að ákærðu voru handteknir (dskj. V,7.2) með Realistic CB talstöðina. Vitnið staðfesti að hafa tekið framangreinda skýrslu af vitninu í þessari sömu ferð. Vitnið Þorgrímur Óli, sem einnig skoðaði víratengingar í bifreiðinni AG-111 og tók sýnishorn í því sambandi, gerði ekki skýrslu um þær rannsóknaraðgerðir og lét ekki heldur sýnishorn þau, sem vitnið hafði tekið í þessu sambandi, fylgja gögnum málsins. Vitnið hafði sönnunargögnin hins vegar með sér er það kom fyrir dóminn við aðalmeðferð en ákærandi sá ekki ástæðu til að fá afstöðu ákærðu til þeirra og verður dómur eigi byggður á þeim. Verður að líta svo á, að ekki sé sannað að ein þeirra talstöðva sem fannst í bifreið ákærða Hauks sé úr bifreiðinni AG-111.

Í skýrslu lögreglunnar um þá muni, sem teknir voru af ákærðu við handtöku (dskj. V,4.1) segir að í bifreiðinni R-35719 hafi verið rauðbrún skjaltaski með verkfærum en einnig hafi þar verið: „Handic 230 CB talstöð framleiðslunr. 02300590 Póst og síma númer 13449, Realistic Trc 415 talstöð nr. 0180127, BOSCH 1180,7 borvél framleiðslunr. 0601180703, slökkvitæki 2 kg duft, tréverkfærataski með ýmsum verkfærum, vökvahjólaljakkur, flúrvinnuljós BOCH, nýr sjónauki JASON 8x21 model 130, loftþrýstimælir MACCU-GAGE og tvær handtalstöðvar merktar (Kiddi).

Ofantaldir munir eru geymdir í lögreglustöðinni á Selfossi utan Realistic CB talstöðin sem var afhent eiganda sínum.“

Hér fyrir dómi hafa ákærðu báðir staðfastlega neitað að hafa brotist inn í bifreiðina AG-111 við Unubakka 48, Þorlákshöfn, og stolið úr henni talstöð. Við lögreglurannsókn málsins voru ákærðu aldrei yfirheyrðir um þetta ákæruatriði. Ákærði Guðmundur Gunnar sagðist þannig hafa strax ekið að Klébergi 15, Þorlákshöfn, þar sem foreldrar hans búa, en þar hafi allt verið slökkt og hann því ekið að sundlauginni og lagt sig í bílnum. Ákærði Haukur kvað þá hafa verið lengi á leiðinni til Þorlákshafnar, því að þoka og leiðindaveður hefði verið á leiðinni, þeir hefðu ætlað að hvíla sig smátíma, en sofnað. Ákærði, sem viðurkenndi að vera eigandi bifreiðarinnar R-35719, kannaðist við að tvær talstöðvar hefðu verið í bifreiðinni. Hann kvaðst hafa átt aðra talstöðina, tekið hana upp í viðgerðarskuld, en hin talstöðin, taldi ákærði, að hefði fylgt bílnum, eftir að maður, sem ákærði sagðist hafa haft viðskipti við og nafngreindi, hefði haft bifreiðina til umráða. Ekki þykir unnt að vefengja þennan framburð ákærða, enda var rannsókn lögreglu á þessu atriði ófullkomin, eins og hér nánar greinir.

Er ríkissaksóknari gaf út ákæru í máli þessu 20. apríl sl. var rannsókn á þessum ákærulið ekki lokið. Þannig höfðu ákærðu aldrei fengið tækifæri til að tjá sig um fullyrðingu Helga Jónssonar um að ein af talstöðvunum, sem fundust í bíl ákærða Hauks, væri úr bifreið Helga.

Ljóst er, að eftir að ríkissaksóknara bárust rannsóknargögnin frá sýslumanninum á Selfossi með bréfi, dagsettu 16. mars sl., hafði hann samkvæmt 2. mgr. 77. gr. laga nr. 19/1991 tækifæri til að mæla fyrir um frekari rannsóknaraðgerðir í málinu, svo að málið yrði að fullu rannsakað, áður en ákæra yrði út gefin.

Um saksókn og undirbúning málsmeðferðar er fjallað í XIV. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Í 112. gr. laganna kemur skýrt fram, að ef ríkissaksóknari telur, að það sem fram komi í rannsóknargögnum sé ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis, láti hann við svo búið standa, en leggi ella málið fyrir dóm skv. 116. gr. laganna. Nú var rannsókn málsins, í samræmi við það sem að framan greinir, greinilega ekki lokið, en þrátt fyrir það kaus ríkissaksóknari að leggja málið fyrir dóminn með hinni ófullkomnu rannsókn. Í rannsóknargögnum kom fram sérgreining á þeirri talstöð, sem Helgi Jónsson taldi að hefði horfið úr bifreið hans, bifreiðinni AG-111. Nauðsynlegt var fyrir ríkissaksóknara að taka upp þá sérgreiningu í ákæru enda lagði lögreglan hald á fleiri en eina talstöð, er ákærðu voru handteknir. Ákæran var því að þessu leyti gölluð. Með því að grundvöllur málsmeðferðar byggðist á ófullkominni rannsókn og gallaðri ákæru, voru minni líkur fyrir því að ákærandi gæti, sbr. 31. gr. laga nr. 19/1991, við aðalmeðferð sýnt fram á, hvað væri hið sanna og rétta í málinu. Af sömu ástæðum voru einnig minni líkur fyrir því, að ákærandi gæti, sbr. 45. og 46. gr. laga nr. 19/1991, sýnt fram á sekt ákærðu, svo að óvafengjanlegt væri. Það hefur ákæruvaldinu ekki heldur tekist.

Með hliðsjón af hinni ófullkomnu rannsókn verður að telja að ekki sé komin lögfull sönnun fyrir því að ákærðu hafi brotist inn í bifreiðina AG-111 og stolið þaðan talstöð. Ber því að sýkna ákærðu, Guðmund Gunnar Hólmarsson og Hauk Guðjónsson, af þessum ákærulið. Í samræmi við þá niðurstöðu og með vísan til 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 verður bótakröfu Helga Jónssonar vísað frá dómi. Þessi niðurstaða leiðir einnig til þess að ákærði Haukur Guðjónsson verður sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

III.

Refsiákvörðun o.fl.

Ákærði Guðmundur Gunnar Hólmarsson er sakhæfur en hann er fæddur 10. febrúar 1970 og hefur samkvæmt nýju sakavottorði á tímabilinu frá 11.

apríl 1988 til 25. september 1991 sætt 11 sinnum ákæru fyrir brot á almennum hegningarlögum og umferðarlögum. Í fjórum tilvikanna var ákærða ekki gerð sérstök refsing í dómi, en á þessu tímabili sætti ákærði sjö refsisdómum, allt frá 30 daga fangelsi (hegningarauki) upp í 12 mánaða fangelsi, fyrir brot á almennum hegningarlögum. Á sama tímabili hafa 4 dómargengið um réttindalausán akstur ákærða. Hinn 10. apríl 1992, dskj. XII, veitti Fangelsismálastofnun ríkisins ákærða reynslulausn skilorðsbundið í 2 ár á 220 daga eftirstöðvum eftirtalinna refsinga:

- „1. 3 mánaða fangelsi samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 16. júlí 1990.
2. 12 mánaða fangelsi samkvæmt dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 23. janúar 1991.
3. 6 mánaða fangelsi, að frádreginni 7 daga gæsluvarðhaldsvist, samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 4. júlí 1991.
4. 30 daga fangelsi samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum 26. september 1991.“

Eins og að framan greinir hefur ákærði Guðmundur Gunnar margoft hlotið refsisdóma. Á árinu 1988 hlaut ákærði 5 fangelsisdóma fyrir hegningarlagabrot. Á árinu 1989 er ákærði dæmdur í 12 mánaða fangelsi fyrir hegningarlagabrot. Á árinu 1990 eru fangelsisdómarnir tveir, en öðrum dóminum áfrýjað til Hæstaréttar, sem þýngdi refsinguna með dómi sínum 23. janúar 1991, og á því sama ári (1991) var ákærði tvisvar dæmdur í fangelsi í sakadómi Reykjavíkur fyrir hegningarlagabrot. Ákærði hefur þrisvar verið dæmdur fyrir réttindalausán akstur.

Með framangreindu umferðarlagabroti, réttindalausum akstri (fyrri ákæruliður), rauf ákærði Guðmundur Gunnar skilorð reynslulausnarinnar og ber því nú að ákveða ákærða refsingu með hliðsjón af 1. mgr. 42. gr., sbr. 60. og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 3. gr. laga nr. 16/1976 og 7. gr. laga nr. 22/1955. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi og er þá lítið til þess, að þegar brot þetta er dæmt með eftirstöðvum refsingar samkvæmt reynslulausninni frá 10. apríl 1992, vegur það fremur lítið, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eftir úrslitum máls þessa og í samræmi við 2. mgr. 166. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber ákærða Guðmundi Gunnari Hólmarssyni að greiða 1/4 hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Sigmundar Hannessonar hrl., 60.000 krónur, á móti ríkissjóði, er greiði 3/4 hluta kostnaðarins. Af hálfu ákæruvalds sótti Karl Gauti Hjaltason, fulltrúi lögreglustjórans á Selfossi, málið hér fyrir dóminum.

Jón R. Þorsteinsson héraðsdómari dæmir mál þetta. Vegna mikilla embættisanna dómarans dróst dómsuppkvaðning nokkuð, en málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 18. f.m.

D ó m s o r ð:

Ákærði Haukur Guðjónsson skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu. Bótakröfu Helga Jónssonar er vísað frá dómi.

Ákærði Guðmundur Gunnar Hólmarsson sæti fangelsi í 8 mánuði og greiða skal hann 1/4 hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Sigmundar Hannessonar hrl., 60.000 krónur.
